



Langesbyggð
Langesvegi 2
680 Þórshöfn

langenesbyggd@langenesbyggd.is

Sauðárkróki 9. september 2026

Vísað er til tölvupósts frá Langesbyggð sem barst 21. ágúst 2026 þar sem vísað er til umfjöllunar um sértækan byggðakvóta í tengslum við svör sveitarfélagsins til innviðaráðuneytisins þar sem m.a. er óskað eftir umsögn þess um áhrif byggðakvóta á sveitarfélagið. Svörin hér að neðan vísa til þeirra fjögurra atriða sem tölusett eru í tölvupósti sveitarfélagsins til stofnunarinnar. Jafnframt er bent á [greinargerð um framkvæmd samninga um aflamark Bygðastofnunar fiskveiðiárið 2024/2025](#) sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar.

- 1) Í samræmi við 7. gr. [verklagsreglna stofnunarinnar um aflamark Bygðastofnunar](#) sem finna má heimasíðu hennar er eftirlit með samningum töluvert. Það felst m.a. annars í boðuðum og óboðuðum heimsóknum til samningsaðila, ítarlegum skilagögnum frá samningsaðilum árlega til stofnunarinnar auk upplýsinga frá Fiskistofu, sem lögum samkvæmt fer með eftirlit og skráningar vegna nýtingar fiskistofna við landið. Samningurinn á Bakkafirði tók gildi í upphafi fiskveiðiársins 2024/2025 og því liggja á þessum tímapunkti einungis fyrir niðurstöður matsgagna vegna eins árs en samningurinn gildir til sex ára, þ.e. til og með fiskveiðiársins 2029/2030.

Í matsgögnum og ársskýrslu stofnunarinnar vegna framkvæmdar núgildandi samnings á Bakkafirði kemur eftirfarandi fram:

Bakkafjörður

Samkomulag við Bjargið ehf. og útgerðir á Bakkafirði fyrir fiskveiðiárin 2024/2025 – 2029/2030 var undirritað 8. október 2024.

Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 245 og heildarfjöldi ársverka 22. Þau skiptast þannig að störf í vinnslu voru 11, eitt starf var skilgreint við stjórnun og 10 á sjó. Gert var ráð fyrir 19 störfum í samningi og samningsmarkmiði um starfafjölda því náð.

Samkvæmt skilagöngum samningsaðila voru unnin 554 tonn auk 93 tonna af grásleppu þar sem hrogn voru unnin og búkur frystur en hráefni var fengið af 10 bátum. Samkvæmt gögnum Fiskistofu var unnið úr 534 þorskígildistonnnum á fiskveiðiárinu sem jafngilda 593 tonnum af slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í samningi er 557 tonn og náðist hún með grásleppuvinnslunni. Samningsmarkmiðum var því náð.

Þessu til viðbótar veittu samningsaðilar á Bakkafirði stuðning við sjómannadagshátíðina „Grásleppuna“, stofutónleikana á Bjarmalandi, björgunarsveitina og sögusýninguna „Gunnólfsvíkurfjallið er svo blátt“. Þá stendur hugur til að bora eftir heitu vatni og undirbúningsvinna að því hafin.

Niðurstaða Byggðastofnunar: Samningsmarkmið náðust á fiskveiðiárinu 2024/2025.


- 2) Eins og fram kemur hér að framan voru metin ársverk samtals 22 vegna starfsemi samningsaðila og samstarfsaðila við veiðar og vinnslu að meðtöldum stjórnunarpætti. Ekki liggja fyrir upplýsingar um lögheimilisráningu starfsmanna fyrirtækjanna hjá Byggðastofnun, enda engar kvaðir um slíkt í samningunum, en auðvelt ætti að vera fyrir sveitarfélagið að afla þeirra upplýsinga frá samningsaðilum.
- 3) Þeir samningar sem aðilar gera sín á milli eru einkaréttarlegs og er stofnunin ekki hluti af þeim auk þess sem þeir innihalda viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari í samræmi við 9. gr. Upplýsingalaga nr. 140/2012. Réttast væri að leita til samningsaðilanna sjálfra óski sveitarfélagið eftir afriti af þeim. Hins vegar má í þessu samhengi nefna að stofnunin hefur ekki upplýsingar um tilfelli þar sem samningsaðilar hafa samið um lægri verðviðmið en viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs. Athygli er vakin á því að upplýsingar um gjöld til hafnarsjóðs ættu að liggja fyrir í bókum hans sbr. 4. tl. 12. gr. gjaldskrár fyrir Langaneshafnir nr. 478/2019. Það sama á við um landað magn auk þess sem unnt er að sjá það á opnum vef Fiskistofu.
- 4) Til að koma í veg fyrir misskilning skal áréttað að jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið eru heimil skv. 8. gr. reglugerðar 643/2016. Eftirlit með því að umsamið aflamark, ásamt því mótframlagi sem einstakir samningsaðilar lofa skili sér í veiðar og vinnslu samkvæmt samningi, felst í því að bera saman löndunar- og vinnslutölur úr gagnagrunni Fiskistofu við þær magntölur sem eru í viðkomandi samningi. Fullnusta samninganna liggur í því að samningsaðilar

uppfylli vinnsluskyldu sína og er umrætt ákvæði sem heimilar skipti á tegundum þáttur í því að auðvelda það ásamt því að það hámarkar það magn sem unnið er á grundvelli samninganna.

Vegna samsetningar úthlutaðs aflamarks, sem er í sjö tegundum, er ljóst að til að litlar útgerðir og vinnslur geti nýtt það sem best er nauðsynlegt að geta skipt á tegundum. Það er annað hvort gert í beinum skiptum, í gegnum kvótamiðlara og/eða með svokölluðum vistunarsamningum. Slíkir samningar fela í sér að stærri útgerðir vista úthlutað aflamark fyrir samningsaðila og síðan er þeim tegundum sem ekki henta veiðum og vinnslu samningshafa skipt út í jöfnum skiptum fyrir þær tegundir sem betur henta. Farið hefur verið yfir það með Fiskistofu hvort unnt sé að rekja slíkar færslur í kerfum þeirra. Niðurstaðan er að svo sé ekki enda fylgir engin upprunamerking úthlutaðu aflamarki nema við frumúthlutanir á skip. Við skipti á þeim síðar er einungis unnt að rekja magn og fisktegundir, en ekki tegund (aflahlutdeild, byggðakvóti) frumúthlutunarinnar.

Sumarið 2023 heimsótti stofnunin fulltrúa Langesbyggðar í ráðhúsinu á Þórshöfn til þess að ræða ýmis mál, þ.m.t. þetta sértæka aflamark. Í ljósi þess að sveitarstjórn sýnir þessu mikilvæga byggðafestuverkefni sérstakan áhuga nú að nýju er stofnunin boðin og búin að funda með henni að nýju til þess að kynna verkefnið og þann ramma sem því er settur. Ljóst er að beiting þess í mörgum af viðkvæmari byggðarlögum landsins er ekki einföld og allsendis óvíst að það eitt og sér nái að snúa viðkomandi byggðarlögum inná braut vaxtar og velgengni. Mikilvægur þáttur á þeirri vegferð er hins vegar að viðkomandi sveitarfélög taki með jákvæðum og virkum hætti þátt í samstarfi við stofnunina og viðkomandi samningsaðila um það hvernig hámarka megi árangur verkefnisins í því að stuðla að aukinni byggðafestu.

Virðingarfyllst,



Arnar Már Elíasson, forstjóri